



Reykjavík, 1. júní 2021
USK2021050027

Skipulags- og samgönguráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fundarsköp – US210103

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 14. apríl 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur haft samband við Sveitarstjórnarráðuneytið til að kanna hvort bann við bókunum við kærur og framlögðum bréfum borgarstjóra standist sveitarstjórnarlög. Lögfræðingur ráðuneytisins hvatti borgarfulltrúa Flokks fólksins til að óska eftir skýringum frá lögfræðingi skipulags- og samgöngusviðs vegna málsins. Hér með er því óskað skriflegra skýringa á því hvers vegna bókunarréttur er þrengri á fundum skipulags- og samgönguráðs en almennt tíðkast í ráðum jafnvel þótt byggja eigi á sömu lögum og reglugerðum. Gengið hefur verið óeðlilega langt í að meina fulltrúum minnihlutans að leggja fram bókanir m.a. við kærur sem kynntar eru og "bréf borgarstjóra" sem lögð eru fram á fundum. Bókanir eru eina tjáningarformið sem fulltrúar minnihlutans geta beitt til að koma á framfæri skoðunum sínum og álitum á málum þegar fundir eru lokaðir (sbr. 2. mgr. 5. gr. samþykktar skipulags- og samgönguráðs). Ekki er tilgreint að ákveðin mál á dagskrá skuli undanskilin. Vísað er einnig í 2. mgr. 26. gr. sveitarstjórnarlaga að málfrelsi fylgi réttur til að leggja fram bókanir.

Eins hefur fulltrúi Flokks fólksins ítrekað óskað eftir að fá fundardagskrá án fylgigagna senda í fundarboði, sbr. verklag sem tíðkast í öðrum ráðum. Það hefur ekki vafist fyrir öðrum ráðum að senda dagskrá samhliða boðun. Öll ráð og svið borgarinnar nýta sömu tæknina og ætti hún því ekki að vera vandamál hér.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra og til skrifstofu borgarstjórnar, dags. 28. apríl 2021.

Svar:

Í 2. mgr. 26. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 kemur fram að kjörnir fulltrúar eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru. Ef vafi er uppi er það formaður sker úr hvort bókun uppfylli þessi skilyrði, sbr. m.a. greinargerð með sveitarstjórnarlögunum. Bókunarréttur kjörinna fulltrúa er nánar útfærður í ákvæðum samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar um fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 þar sem segir í 27. gr.: Borgarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í borgarstjórn eða leggja fram stutta fyrirspurn í fundargerð um mál sem er á verksviði borgarstjórnar. Samþykktin gildir eftir því sem við á einnig um fundarsköp fagráða Reykjavíkurborgar sjá nánar 57. gr., þ.m.t. skipulags- og samgönguráðs. Réttur kjörinna fulltrúa til að leggja fram bókanir nær því til þeirra mála sem eru á útsendri dagskrá og eru til afgreiðslu eða umræðu. Dagskrárlíðir þar sem einungis er verið að leggja gögn fram til upplýsingar og viðkomandi ráð tekur hvorki til meðferðar né umræðu eru ekki tækir til bókana.



Hvað varðar dagskrá skipulags- og samgönguráðs þá er hún unnin í skjalakerfi sviðsins Erindreka, sem er frábrugðið þeim kerfum sem önnur ráð nota. Færa þarf hvern lið handvirkt inn í fundakerfi borgarinnar. Hvorugt þessara kerfa býður upp á að prenta eða draga sérstaklega út skjal þar sem einungis kemur fram heiti fundarliða.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra,
umhverfis- og skipulagssvið

Helga Björk Laxdal

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar